

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Frístundamiðstöðin

Frostaskjól

Starfsáætlun 2015-2016



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Innihald

Inngangur	2
Skipurit.....	4
Stefnukort SFS 2015-2016.....	5
Starfsáætlun.....	6
<i>Hlutverk Frístundarmiðstöðvarinnar Frostaskjól</i>	6
<i>Leiðarljós</i>	6
<i>Framtíðarsýn</i>	6
<i>Umbótaþættir Frostaskjól 2015</i>	7
<i>Gildi Frostaskjól</i>	8
Mat á starfsemi Frostaskjól	8
Víddir, stefnuþættir, markmið og leiðir	11
<i>Barnið, unglingurinn, ungmennið</i>	11
<i>Verklag</i>	14
<i>Mannauður</i>	16
<i>Auðlindir</i>	18
Lykiltölur Frostaskjól 2014.....	20



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Starfsáætlun Frostaskjól 2015-2016

Ábyrgðarmaður: Guðrún Kaldal, framkvæmdarstjóri Frostaskjól

Ritstjórn: Guðrún Kaldal, Héðinn Sveinbjörnsson, Bjarki Sigurjónsson og Steinunn Gretarsdóttir

Ljósmyndir: Úr starfi Frostaskjól

Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir leiðarljósi og hlutverki sviðsins sem eru:

Leiðarljós SFS

Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Hlutverk SFS

Að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið afl í skóla- og frístundamálum.

Frotaskjól er frístundamiðstöð fyrir íbúa Vesturbæjar Reykjavíkur. Frotaskjól veitir fyrst og fremst þjónustu í frítíma barna og unglinga. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá þar sem flestir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Frotaskjól er þekkingarmiðstöð í lýðræðis- og mannréttindavinnu með börnum og unglingum. Vinna með lýðræði og mannréttindi er rauður þráður í gegnum allt starf Frotaskjóls frá sex ára til átján ára. Markvisst er unnið að því að auka þekkingu á grunngildum samfélagsins og mannréttindum, auka samfélagslega ábyrgð og lýðræðislega þátttöku og að börn og unglingar séu hvött til frumkvæðis, víðsýnis og öðlist aðlögunarfærni. Auk þess er lögð áhersla á að efla hugmyndafræði um reynslunám og ígrundun í starfi.

Stjórnendateymi Frotaskjóls samanstendur af framkvæmdarstjóra, fjármálastjóra og tveimur deildarstjórum sem sinna annars vegar barnastarfi og hins vegar unglingastarfi.

Íbúar Vesturbæjar í árslok 2014 voru 16.684. 8,7 % íbúa í Vesturbæ eru með erlent ríkisfang sem er aðeins herra en í Reykjavík í heild þar sem hlutfallið er 8,1%.

Starfsáætlun Frotaskjóls fyrir starfsárið 2015-2016 er unnin út frá stefnu- og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2015-2016. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknnum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Frotaskjól vinnur nú í þriðja skiptið starfsáætlun sem gildir fyrir skólaárið, en ekki almanaksárið eins og áður, í samræmi við aðra starfsstaði skóla- og frístundasviðs. Þannig tekur starfsáætlunin gildi 1. september 2015 og gildir til 31. ágúst 2016. Í starfsáætluninni er gerð grein fyrir helstu verkefnum en markmið, nánari útfærslur, ábyrgð og tímaramma er að finna í starfsáætlunum staðanna.

Í Vesturbænum eru fimm grunnskólar. Þeir eru Grandaskóli, Melaskóli og Vesturbæjarskóli fyrir 1.-7. bekk, Hagaskóli sem er safnskóli fyrir 8.-10. bekk og Landakotsskóli sem er einkarekinn skóli fyrir 1.-10. bekk.

Alls voru **1934** börn skráð í þessa skóla árið 2014-2015.

Á barnasviði eru fjögur heilsársrekin frístundaheimili, **Selið** í Melaskóla, **Undraland** í Grandaskóla, **Skýjaborgir** í Vesturbæjarskóla og safnfrístundaheimilið **Frostheimar** fyrir börn í 3.-4. bekk. Flest voru skráð 634 börn í frístundaheimili Frostaskjólshausið 2014.

Á unglingasviði eru félagsmiðstöðin **Frosti** í Hagaskóla fyrir 13-16 ára unglinga. Frosti sinnir einnig starfi fyrir 10-12 ára börn í Vesturbæ og ungmennahúsinu **Jöklu** fyrir 16-18 ára ungmenni. 1.september 2015 tekur Frostaskjól við rekstri frístundaklúbbsins **Hofsins** sem þjónustar börn með fötlun á aldrinum 10-16 ára sem eru búsett vestan Elliðaána. Hofið verður með aðstöðu sína á Þorragötu 3.

Frostaskjól tekur þátt í þverfaglegu samstarfi í hverfinu og er í góðu samstarfi við leik- og grunnskólana og aðra er koma að uppeldi barna.

Vesturbæjarfléttan er samráð leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar í Vesturbæ. Markmið með samstarfinu er að auka skilning milli fagaðila og koma á samstarfi og flæði á milli eininganna. Haustið 2014 var haldinn sameiginlegur starfsdagur þar sem um 500 starfsmenn í uppeldisumhverfi Vesturbæjar komu saman.

Frostaskjól hefur umsjón með **viðburðum** í hverfinu. Sumardagurinn fyrsti er haldinn hátíðlega við Frostaskjól í samstarfi við aðra í hverfinu, Frostaskjól tekur þátt í þrettándagleði Vesturbæjar og í vetrarleyfum skólanna er boðið upp á fjölskyldudagskrá.

Allir starfsstaðir Frostaskjólshausið taka þátt í barnamenningarhátíð Reykjavíkur á ýmsan hátt.

Starfsmannahópur Frostaskjólshausið samanstendur af sterkum og vel menntuðum starfsmannahópi sem starfað hefur lengi. Mikil festa er í störfum sem eru 100% en meiri velta er í hlutastörfum.

Starfsárið 2014-2015 störfuðu 112 starfsmenn í Frostaskjólshausið um það bil 45 stöðugildum.


Mikið var gert til að stuðla að góðri liðsheild í Frostaskjólshausið. Á haustönn var haldinn starfsdagur með öllum starfsmönnum í Frostaskjólshausið þar sem farið var yfir heildarmarkmið sviðsins og sú starfssemi sem Frostaskjólshausið býður uppá var kynnt. Farið var í gegnum almennt vinnusiðferði og starfsmenn settu sér markmið í starfi.

Frostaskjól fékk titilinn „**Stofnun ársins 2015 - borg og bær**“ stærri stofnun í vinnustaðakönnun starfsmannafélags Reykjavíkur. Þetta er í annað sinn sem að Frostaskjólshausið hlýtur þann heiður að vera stofnun ársins, áður var það árið 2013 og árið 2014 var Frostaskjólshausið í öðru sæti. Það er mikill heiður og þýðir að starfsmenn Frostaskjólshausið eru meðal annars ánægðir með vinnuumhverfi sitt, treysta sínum stjórnendum og finnst þeir geta haft áhrif á vinnuumhverfi sitt.

Skipurit



Stefnukort SFS 2015-2016



Starfsáætlun

Starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar Frostaskjól byggir í meginatriðum á starfsáætlun SFS. Hún er löguð að Frostaskjóli og brotin niður á einstakar rekstrareiningar innan skipulagsheildarinnar.

Á starfsárinu 2015-2016 er lögð áhersla á fimm megin umbótaþætti:

- Málþroska, læsi og lesskilning
- Verk-, tækni- og listnám
- Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi
- Fjölmenningu
- Gæði og fagmennsku

Margir koma að gerð starfsáætlunar Frostaskjól. Helstu aðilar eru starfsmenn Frostaskjól, ungmenningaráð, unglingaráð, börnin í frístundaheimilunum og samstarfsaðilar í hverfinu. Einnig er stuðst við viðhorfsskannanir sem lagðar hafa verið fyrir þjónustuþega og starfsmenn.

Ársáætlun hverrar starfseiningar má sjá á heimasíðum starfsstaðanna á heimasíðu Frostaskjól, www.frostaskjol.is.

Í ár verður gerð tilraun með myndrænt form starfsáætlunarinnar. Búið hefur verið til plakát þar sem 5 áhersluþættir sviðsins koma fram og hvaða verkefni verða framkvæmd undir hverjum þætti.

Hlutverk Frístundarmiðstöðvarinnar Frostaskjól

- Stuðla að **heilbrigði** barna og unglunga með því að skapa tækifæri til afþreyingar.
- Skipuleggja **uppbyggilegt og skemmtilegt frístundastarf** fyrir börn og unglunga þar sem gildi virkrar þátttöku, uppeldis, óformlegs náms og forvarna eru í fyrirrúmi.
- Eiga gott **samstarf** við grunnskólana, leikskólana, íþrótta- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og alla sem koma að velferð barna, unglunga og ungmenna í hverfum borgarinnar.
- Stuðla að því að **engum verði mismunað** í frístundastarfi á grundvelli kyns, uppruna, trúar, þjóðernis eða fötlunar.
- Hafa forystu um eflingu og þróun **fagumhverfis frístundastarfs**.
- Búa starfsfólki **gott umhverfi** til að dafna í starfi.

Leiðarljós

- Að Frístundamiðstöðin Frostaskjól sé **leiðandi í faglegu starfi** sem unnið er á vettvangi frítímans, jafnframt því að veita **samfellda** þjónustu í góðri **samvinnu** við aðra í hverfinu.
- **Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi** séu ávallt leiðarljós í öllu starfi.
- Frostaskjól vinnur eftir **starfaskrá frístundamiðstöðva**.

Framtíðarsýn

- Að Frostaskjól haldi áfram að vaxa og þróast sem frístundamiðstöð.
- Að veita faglega **samfellda frítímabjónustu** allt árið í samstarfi við skólana í hverfinu.

Umbótaþættir Frostaskjól 2015



Gildi Frostaskjól

Gleði

- ✓ Við sýnum hvort öðru áhuga, hrósum og erum hvetjandi
- ✓ Við veljum okkur viðhorf
- ✓ Við tökum starfið okkar alvarlega án þess að taka okkur sjálf of alvarlega
- ✓ Við vitum að gleðin leynist í litlu hlutunum

Lýðræði

- ✓ Við virðum ólíkar skoðanir og fjölbreytileika
- ✓ Við virkjum til þátttöku og eflum frjálsan leik
- ✓ Við öxlum ábyrgð og kennum ábyrgð því allir hafa val
- ✓ Við leggjum áherslu á samvinnu og lýðræðislega þátttöku

Traust

- ✓ Við erum heiðarleg, hreinskilin og traustins verð
- ✓ Við erum sýnileg, til staðar og fólk veit fyrir hvað við stöndum
- ✓ Við kjósum að treysta starfsfólki, börnum og unglingum
- ✓ Við berum hag barna og unglinga fyrir brjósti

Fagmennska

- ✓ Við erum með skýra stefnu, fylgjum faglegum verkferlum og öxlum ábyrgð í starfi
- ✓ Við tryggjum gott upplýsingaflæði og sýnileika
- ✓ Við erum fjölbreyttur starfsmannahópur með víðtæka reynslu og menntun
- ✓ Við sýnum metnað, sinnum símenntun og eflum fagvitund okkar

Mat á starfsemi Frostaskjól

Innra mat

Við gerð starfsáætlunar er ávallt leitað eftir athugasemdum og hugmyndum frá þjónustugegum, starfsmönnum og samstarfsaðilum.

Allir starfsmenn Frostaskjól fá tækifæri til að koma sínum skoðunum og hugmyndum á framfæri. Á til þess gerðum fundum er þeim gefið svigrúm til að meta starfið og koma með tillögur til úrbóta. Þau gögn eru notuð í starfsáætlunarvinnu hvers árs. Fundirnir fóru fram á tímabilinu janúar - apríl 2015.

Haldnir eru sérstakir fundir með barna-, unglinga- og ungmennaráðum þar sem þau hafa tækifæri til að meta starfið. Meðal annars er rætt um hvað gengur vel, hvað má betur fara og hvernig starfssemi þau vilja hafa. Hvernig á starfsmaður í frístundaheimili/félagsmiðstöð/ungmennahúsi

að vera, hvað einkennir góðan stað, hvernig á umhverfið að vera og sú hressing sem boðið er upp á.

Helstu niðurstöður funda í frístundaheimlum er að börnin vilja hafa gaman í starfinu, að á þau sé hlustað, þau vilja fá að leika sér og fá að ráða hvað er í boði í hressingu. Einnig hafa þau skoðun á aðstöðunni, hvernig herbergin eru á litin og hvaða tæki og tól eigi að kaupa.

Nemendaráð Frosta og Hagaskóla vildi hafa fleiri stærri viðburði, meira dót í félagsmiðstöðinni, hressa starfsmenn og fjölbreytt klúbbastarf. Þau ræddu um aukna virkni starfsmanna í félagsmiðstöðinni og að þau vilja sjá breiðari hóp í klúbbastarfi.

Ungmennni í Jöklu vilja fá aukinn opnunartíma og bættu aðstöðu.

Ungmennaráð Vesturbæjar fundar reglulega með hverfisráði Vesturbæjar og einu sinni á ári fer fulltrúi þeirra með Reykjavíkurráði í borgarstjórn þar sem þau flytja sínar tillögur. Ungmennaráðið var ekki eins virkt síðasta starfsár eins og önnur ár þannig að fyrir þetta starfsár hafa verið sett markmið um að virkja enn frekar.

Allir forstöðumenn skila inn ársskýrslum þar sem farið er í ígrundun á starfinu og starfsháttum. Þar er starfsáætlun ársins skoðuð og metið hvaða markmið náðust og hvaða markmiðum var ekki náð og hvers vegna.

Allri tölfraði er haldið til haga og vel fylgst með þátttöku í starfinu og hún færð í lykiltölugrunn.

Skrifstofa frístundamála hefur nú tekið upp vinnuviðmið í tengslum við innra og ytra mat á starfinu. Starfsárið 2015-2016 verður lögð áhersla á að innleiða þau viðmið á starfstaðina.

Allir starfsstaðir Frostaskjólts munu kynna sér viðmiðin og hefja vinnu í takt við þau á árinu.

Ytra mat

Foreldrakönnun í frístundaheimilum var lögð fyrir í janúar 2015 og niðurstöður úr þeirri könnun lágu fyrir í maí. Þegar niðurstöður berast eru þær notaðar til að vinna umbótaáætlun fyrir starfið. Tölfraði – og rannsóknardeild SFS sem sér um að leggja foreldrakannanir fyrir og vinna niðurstöður.

Helstu niðurstöður í foreldrakönnuninni:

Foreldrar sem eru ánægðir með frístundaheimilið

Undraland 98%

Selið 93%

Skýjaborgir 97%

Frostheimar 86%

Foreldrar sem eru sammála um að vel gangi að samræma dvöl barnsins við annað skipulagt frístundastarf

Undraland 92%

Selið 81%

Skýjaborgir 94%

Frostheimar 87%

Foreldrar sem eru ánægðir með húsnæði frístundaheimilis

Undraland 93% - engu breytt

Selið 48% - óskaði eftir að það yrði málað í sumar og skúrar skipulagðir betur.

Skýjaborgir 70%
Frostheimar 57%

Ánægja með samskipti starfsfólks við barnið

Undraland 100%
Selið 94%
Skýjaborgir 100%
Frostheimar 90%

Sammála um að vel hafi gengið að boða foreldra á kynningu/viðburð á vegnum barnanna

Undraland 84%
Selið 93%
Skýjaborgir 72%
Frostheimar 98%

Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar þá hefur verið gerð umbótaáætlun til að bæta húsnæði og aðstöðu þar sem það á við. Aukinn áhersla á kynningar á starfinu í gegnum samfélagsmiðla og heimasíður verður sett og foreldrum boðið að koma oftari í heimsókn. Einnig verður sett af stað átak í að samræma vel upplýsingar sem ligga fyrir á heimsíðu og auka aðgengi að þeim. Foreldraviðtöl sem í boði eru verða kynnt vel og foreldrahandbókin einnig.

Capacent Gallup sér um að leggja fyrir viðhorfskönnun fyrir hönd Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fyrir starfsmenn borgarinnar. Árið 2015 var Frostaskjól í fyrsta sæti í flokki stærri stofnanna með 50 starfsmenn eða fleiri með 4,200 stig í einkunn og hlaut titilinn „**Stofnunn ársins borg og bær 2015**“ . Árið 2014 var Frostaskjól í öðru sæti með 4,097 stig en árið 2013 í fyrsta sæti með 4,128 stig. Í könnuninni er verið að skoða trúðverðugleika stjórnenda, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar og ánægju og stolt.

Þetta er vísbending um að starfsmönnum líður vel í vinnu í Frostaskjóli og eru ánægðir með starfsumhverfi sitt en fjórða árið í röð er Frostaskjól „**Fyrirmyndarstofnun**“ en það eru þær stofnanir sem ná inn í efstu 10 sætin.

TOR tölfræði- og rannsóknardeild SFS lagði í október 2014 könnun fyrir unglunga í Reykjavík um viðhorf þeirra til félagsmiðstöðva. Helstu niðurstöður úr þeirri könnun voru:

76% unglunga sækir böll oft og 19% stundum
96% unglunga sækir félagsmiðstöðina vikulega eða oftari
49% tekur þátt í ferðum oft og 37% stundum
90% unglunga er mjög eða frekar sammála um að vera ánægðir með félagsmiðstöðina og líður vel
95% unglunga eru mjög eða frekar ánægðir með samskipti við starfsmenn og taldi það jákvæða fyrirmyndir
75% unglunga koma í félagsmiðstöðina til að hitta aðra unglunga
88% unglunga tekur sig ráð miklu sjálfir í félagsmiðstöðinni

Þróun í félagsmiðstöðvarstarfi í Vesturbæ hefur verið á þá leið að unglingarnir kjósa að koma frekar á dagopnun en á kvöldopnunum. Mjög aukið samstarf við skólann hefur skilað því að nú eru allir viðburðir skipulagðir í sameiningu og engin skörp skil eru á milli starfs á vegum skólans

og á vegum félagsmiðstöðvarinnar. Færri ungingar mættu á opin hús í félagsmiðstöðinni á vorönn en önnur ár og skýrist það meðal annars á vissu hræðsluástandi sem skapaðist í hverfinu vegna nokkurra illra staddra unglunga sem ógnuðu öðrum. Útirólt var aukið á virkum dögum og sýnileika starfsmanna í hverfinu einnig.

Aukið samstarf við foreldrafélögin hafa skilað auknu útirólti eftir stærri viðburði en setja þarf markmið varðandi það að færri unglingar séu úti eftir kl.22.00.

Unnin hefur verið umbótaáætlun varðandi þá þætti sem bæta þarf sem sett verður í gang haustið 2015.

Í könnun TOR kemur í ljós að unglingar í Vesturbæ þurf að ganga lengra og lengur en aðir unglingar í Reykjavík í sína félagsmiðstöð. Það skýrist á því að í Vesturbæ er einn safnskóli í útjaðri fyrir allt hverfið og þar er félagsmiðstöðin einnig.

Gæðaviðmið um frístundastarf verða innleidd á alla starfsstaði Frostaskjól og viðmiðin vel kynnt fyrir starfsmönnum og foreldrum.

Víddir, stefnuþættir, markmið og leiðir

Barnið, unglingurinn, ungmennið

1. Sterk sjálfsmynd og félagsfærni

Sterk sjálfsmynd, samkennd og samskiptafærni

- ✓ Auka hlut hópstarfs í starfseiningum Frostaskjól þar sem aðalmarkmiðin snúa að sterkri sjálfsmynd, samkennd og samskiptafærni.
 - Þeir klúbbar sem starfa setji sér skrifleg markmið þar sem hluti af starfinu er að hlúa að þessum hlutum.Verkefni: Klúbbastarf í félagsmiðstöðvum, frístundaklúbbum og frístundaheimilum
- ✓ Stuðla að því að börn og unglingar þekki sjálfa sig, eigin styrkleika og veikleika og fái að taka ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.
 - Börn og unglingar taka ábyrgð á því vali sem þeim býðst í starfinu og standi með því.Verkefni: Valkerfi í frístundaheimilum.
- ✓ Styrkja börn og unglunga í að bera ábyrgð á eigin lífi með því að taka heilbrigða afstöðu.
- ✓ Styrkja börn og unglunga í að öðlast færni í tjáskiptum og styrkjast þannig í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum. Börn og unglingar fá tækifæri til að koma fram fyrir hópi og æfa sig.
 - Í boði séu klúbbar þar sem æfing á tjáskiptum og framkomu eru hluti af starfinu.
- ✓ Hvetjandi vinnumhverfi og hrós notað mikið.

Jöfn tækifæri þar sem hugað er að velferð allra

- ✓ Frostaskjól leiti leiða til að efla sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglunga sem glíma við félagslega einangrun og hafi frumkvæði að samstarfi fagaðila og félagasamtaka vegna þeirra.

- Að í félagsmiðstöðinni Frosta starfi klúbbur þar sem unnið er sérstaklega með þá sem þurfa félagslega styrkingu. Hópurinn myndaður í samstarfi við Hagaskóla, Vesturgarð og foreldra að vori og starfi sem félagsmiðstöðvarhópur yfir sumarið. Unnið verði áfram með hópin yfir veturinn.
- Verkefni: Félagsmiðstöðvarhópur fyrir unglinga í 9.bekk.
 - Markmið með veittum stuðning í frístundaheimilum er fyrst og fremst félagsleg styrking þar sem unnið er í samstarfi við fagaðila.
- ✓ Skoða þáttökutölur og líðan stráka og stelpna í starfinu.
- ✓ Aukið samstarf við miðstig grunnskólanna í hverfinu varðandi starf fyrir 10-12 ára.
 - Fastir fundi með deildarstjórum/kennurum miðstigs í grunnskólunum í hverfinu á haustin.
 - Starfið kynnt inni á kennarafundi í skólunum.
 - Dagskrá send inn á öll heimili 10-12 ára barna mánaðarlega.
 - Aukið samstarf varðandi lýðræðisvinnu úti í skólunum.
- ✓ Ungmennahúsið Jökla verði opið eitt kvöld í viku og þar geti ungmenni fengið aðstoð við að koma áhugamálum sínum í farveg.
- ✓ Samráðsfundur þeirra sem standa fyrir tómstundastarfi fyrir börn og unglinga í Vesturbæ til að hafa vinnudag barna eins samfelldan og við verði komið.
 - Deildarstjóri barnastarfs í Frostaskjólum hafi frumkvæði að fundi í ágúst þar sem drög að dagskrá barnanna er lögð.
 - Samráð við sunddeild KR að sumri þannig að sundnámskeið geta verið hluti af samfelldum degi barna.

Aukið sjálfstæði, frumkvæði, metnaður og ábyrgð

- ✓ Frístundaráðgjafar og starfsmenn í frístundastarfi hvetji börn og unglinga til að koma sér sjálf á milli staða í samstarfi við foreldra og efli þannig sjálfstæði þeirra og ábyrgð í daglegu lífi.
 - Börnunum í Frostheimum er boðið upp á að læra á strætó á vorönn.
 - Börn og unglingar í Hofinu læra á strætó á sumrin.
 - Börn og unglingar hvattir til að ganga eða hjóla.
 - Boðið upp á „þramm“ að heimaskóla í Frostheimum.

2. Öryggi, heilbrigði, vellíðan og gleði

Heilbrigður lífsstíll

- ✓ Í gátlistum um mat á starfinu verði meðal annars horft til hollustu og hreyfingar.
 - Síðdegishressing í frístundaheimilum sé holl og góð fyrir líkama og sál.
 - Þegar boðið er upp á veitingar í starfinu sé leitast við að hafa þær hollar.
- ✓ Frostaskjól hefji vinnu við að verða heilsuefandi frístundamiðstöð.
- ✓ Í öllu starfi Frostaskjóls er lögð áhersla á að börn, unglingar og ungmenni temji sér heilbrigðan lífsstíl. Starf Frostaskjóls er forvarnarstarf á víðtækan hátt.
 - Fræðslufyrirlestararöð verði um forvarnir fyrir foreldra og unglinga. Vímuefni, kynlíf, einelti, geðheilbrigði, rafrænir miðlar, tölvunotkun og fleira. Fræðslufyrirlestaráætlun verði gefin út að hausti. Samstarf við foreldrafélög, þjónustumiðstöð og skóla.

Öruggt umhverfi þar sem unnið er markvisst gegn áhættu hegðun

- ✓ Frístundaheimili, frístundaklúbbar og félagsmiðstöðvar séu opnar á heilsársgrundvelli til þess að auka stöðuleika í starfinu. Sumarlokun í þrjár vikur í júlí.
- ✓ Allir starfsstaðir fylgja eineltisáætlun Olweusar líkt og grunnskólarnir í hverfinu og áætlun „*Vinsamlegs samfélags*“ frá skóla- og frístundasviði.

Komið er til móts við ólík áhugasvið

- ✓ Frostaskjól leggur áherslu á fjölbreytta birtingu barna- og unglingamenningar og býður uppá fjölbreyttan vettvang til að styðja við það. Sjá nánar í aðgerðaráætlun starfsstaðanna.
- ✓ Í öllu starfi Frostaskjóls er leitast við að virkja börnin og unglingana á þeirra forsendum.
- ✓ Fjölgreindarkenning Howard Garnder er höfð til hliðsjónar við skipulagningu til að tryggja að viðfangsefni höfði til sem flestra.
- ✓ Starfsáætlanir eru unnar í samráði við þjónustugefa, börn, unglinga, ungmenni og starfsmenn.
 - Samráðsfundir á vorönn.
- ✓ Sveigjanleiki er þannig að að hægt er að bregðast við áhuga og ástandi sem upp kemur á hverjum tíma.

3. Viðtæk þekking, færni og árangur

Aukin gæði í öllu starfi í þeim tilgangi að efla þekkingu, færni og árangur

- ✓ Frostaskjól tekur þátt í því að búa til viðmið um gott frístundastarf fyrir innra og ytra mat.
- ✓ Fyrirhugað er að fara í gang með ytra mat á starfinu.

Aukin þekking og færni í raunvísindum

- ✓ Tilrauna- og vísindavika á öllum starfsstöðum Frostaskjóls.
 - Allir starfsstaðir taka þátt í þemaviku í október.
 - Þemavika í sumarfrístund tengd tilraunum og vísindum.

Aukin þekking á listum og menningu og færni til sköpunar

- ✓ Bjóða börnum og unglingum upp á þátttöku í lista- og menningarstarfi meðal annars með því að nýta sér þekkingu starfsfólks á sviði lista.
- ✓ Í frístundastarfi á sér stað mikið skapandi starf. Frístundaráðgjafar með sérþekkingu í listsköpun stýra klúbbastarfi. Farið er í vettvangsferðir á söfn þar sem margs konar list er kynnt fyrir börnum og unglingum.
- ✓ Ýmis örnámskeið þar sem boðið er upp á skapandi starf.
- ✓ Frostaskjól tekur þátt í barnamenningarhátíð og hver starfsstaður er með sitt eigið skapandi verkefni.

Læsi í víðum skilingi, gagnrýn hugsun og samræða

- ✓ Unnið verði sérstaklega með umhverfis-, fjölmiðla og fjármálalæsi.
- ✓ Í starfi Frostaskjóls er samræða og gagnrýn hlustun rauður þráður í gegnum starfið. Í hópavinnu og í valstundum er börnunum og unglingum kennt að hlusta og taka þátt í umræðum.
- ✓ Börn og unglingar læra að vera í hóp og taka tillit til annarra og þannig er félagslæsi þeirra þjálfað í gegnum starfið.

Aukin umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni

- ✓ Allir staðir Frostaskjól taka þátt í grænum skrefum.
- ✓ Markvisst verði unnið með það að börn og unglingar læri að umgangast og virða náttúruna og umhverfið.
 - Útivistarklúbbar eru starfandi.
 - Vinnuskólahópur að sumri til.
- ✓ Frostaskjól komi sér upp græjum til útieldunar og ferðalaga.

4. Samfélagsleg ábyrgð, virkni og víðsýni

Aukin þekking á grunngildum samfélagsins og mannréttindum

- ✓ Frostaskjól fylgir mannréttindastefnu Reykjavíkur og 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldis Íslands í starfi sínu.
- ✓ Frostaskjól leggur sérstaka áherslu á að starfsmenn þekki og vinni eftir mannréttindastefnu Reykjavíkur og kynni hana fyrir börnum, unglingum og starfsfólki. Áhersla á að starfsmenn afli sér þekkingar og miðli sín á milli á fundum og starfsdögum.
- ✓ Mannréttindavika haldin í öllu starfi Frostaskjól í mars. Vikan tileinkuð kynningu á mannréttindum, meðal annars Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Stuðst er við Kompás og Kompasító kennslubækur Evrópusambandsins.

Samfélagsleg ábyrgð og lýðræðisleg þátttaka

- ✓ Unnið verði að frekari þróun barna- og unglingalýðræðis. Skoða möguleika Frostaskjól á að koma í auknu mæli inn í grunnskólana með fræðslu varðandi mannréttindi og lýðræði.
- ✓ Frostaskjól taki að sér að vera með miðlæga fræðslu og þjálfun fyrir börn og unglinga í nemendaráðum skólanna að hausti. Samstarf við Samfok.
- ✓ Starf Frostaskjól byggji á hugmyndafræði barna- og unglingalýðræðis og taki mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- ✓ Halda áfram að vinna með ÞOR, vottun á starfi ungmenna í félagsstarfi.
- ✓ Skoða möguleika á því að auka áherslur í starfi frístundamiðstöðvarinnar fyrir alla aldurshópa.

Verklag

1. Nám og starf án aðgreiningar við hæfi hvers og eins

Koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum

- ✓ Vinna eftir nýrri stefnu í frítímaþjónustu fyrir börn og unglinga með fatlanir.

Tryggja jafnræði allra einstaklinga til virkrar þátttöku í daglegu starfi

- ✓ Kanna þátttöku og virkni fatlaðra unglinga í félagsmiðstöðvarstarfi og greina þarfir þeirra.
- ✓ Tryggja gott aðgengi fyrir alla að starfsstöðum Frostaskjól.

Stuðningur og ráðgjöf tryggi góðar aðstæður til náms og leiks og bestan mögulegan árangur

- ✓ Veita tulkþjónustu ef þörf á er á í samstarfi við fjölskyldur.
- ✓ Unnin er einstaklingsáætlun fyrir stuðningsbörn í samstarfi við foreldra.
- ✓ Kortleggja leiðir sem miða að því að auka upplýsingaflæði til foreldra um líðan barnanna og unglinga í starfi Frostaskjól.

2. Samstarf byggt á lýðræði og fjölbreytni

Öll börn, nemendur og ungmenni séu virkir þátttakendur í lýðræðislegu samstarfi

- ✓ Á öllum starfsstöðum Frostaskjól eru starfandi barna-, unglingaráð eða ungmennaráð eftir því sem við á.
- ✓ Miðstigsráð starfi miðlægt í Frostaskjól.

Foreldrar séu virkir þátttakendur, ábyrgir og upplýstir samstarfsaðilar

- ✓ Aukið samstarf við foreldrafélög grunnskólanna í hverfinu
- ✓ Hafa heimasíður og facebook síður vel uppfærðar og senda reglulega fréttabréf á foreldra. Forstöðumenn bera ábyrgð á sínum stöðum og deildarstjórar passa að heimasíður þeirra starfsstaða séu reglulega uppfærðar og innihaldi þær upplýsingar sem þarf. Deildarstjórar bera ábyrgð á að koma upplýsingum á aðalsíðu Frostaskjól og Reykjavíkurborgar sem tengjast þeirra starfssemi.

Markviss, samræmd upplýsingamiðlun og fræðsla til foreldra og barna/nemenda/ungmenna

- ✓ Frístundagáttin (Mentor aðgangur fyrir frístundamiðstöðvar og aðila að frístundakortinu). Með því eykst upplýsingarflæði til foreldra um frístundir í Vesturbæ.

Öflugt samstarf við nærsamfélagið, atvinnulífið og háskólasamfélagið

- ✓ Formgera samstarf frístundamiðstöðvar, aðallega ungmennaráðs, við hverfisráð Vesturbæjar.
- ✓ Skoða möguleika á samstarfi við háskólasamfélagið í tengslum við barnamenningarhátíð.

3. Flæði á milli skólastiga, námsgreina/námssviða og skóla og frístundastarfs

Starfsstaðir þróaðir til að auka samstarf, sveigjanleika, flæði og samfellu í skóla- og frístundastarfi

- ✓ Frostaskjól tekur þátt í hverfasamstarfi Vesturbæjarfléttunnar. Markmið fléttustarfsseminnar er að auka samstarf, flæði, sveigjanleika og samfellu í starfi.
 - Reglulegir samráðfundir stjórnenda og starfsdagur á vorönn fyrir stjórnendur skóla- og frístundastarfs í Vesturbæ.
- ✓ Vinna áfram að þróun samstarfs í Vesturbæ. Sérstök áhersla verður lögð á auka samfellu í skóla- og frístundastarfi og samfélagsverkefni. Leitað verði leiða til þess að auðvelda börnum að sækja frístundastarf á þeim tíma sem hentar þeim og fjölskyldum þeirra best.
- ✓ Frostaskjól er þátttakandi í forvarnarfundunum Samvest, þverfaglegu teymi aðila sem sinna unglingamálum.
- ✓ Frostaskjól vinnur eftir forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.
- ✓ Frostaskjól er þátttakandi í Viðbragðsteymi Vesturbæjar.
- ✓ Frostaskjól er þátttakandi í Vesturbærinn - bærinn okkar.

Auka samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs við lok leikskólagöngu

- ✓ Öll frístundaheimili bjóða elstu börnum leikskólanna í Vesturbæ að koma í heimsókn í frístundaheimilið.

4. Umbætur, mat og nýbreytni

Ytra mat fyrir starfsemi skóla- og frístundasviðs sem nýtt er til umbóta

- ✓ Viðhorf foreldra, barna og unglinga til starfs Frostaskjól könnuð reglulega og niðurstöðurnar notaðar til að styrkja starfið.

Stöðugt sé fylgst með stefnum og straumum um uppeldis-, mennta- og tómstundamál og áhersla lögð á þróun og nýbreytni

- ✓ Veita starfmönnun tækifæri til að sækja fræðslu og námskeið um strauma og stefnu í frístundamálum.
- ✓ Skoða möguleika á auknu samstarfi við Háskóla Íslands um hvernig unnið er með lýðræði í starfi Frostaskjól.
- ✓ Taka þátt í að móta framtíðarsýn og skoða hlutverk frístundamiðstöðva.

Traust og fjölbreytt mat á námsárangri, líðan og félagsfærni

- ✓ Leita leiða til að meta árangur frístundastarfs í félagsfærni ungmenna.

Ábyrg skjalastjórnun og stjórnsýsla, virkt gæðakerfi og innra mat

- ✓ Yfirfara sameign Frostaskjól og hreinsa þar til. Skoða möguleika Frostaskjól á að fá aðgang að Go Pro skjalvörslukerfinu.

Mannauður

1. Fagleg forysta

Framsækin stjórnun þar sem stefna hlutverk og markmið eru skýr

- ✓ Stefna, hlutverk og markmið Frostaskjól er vel kynnt og aðgengileg fyrir þjónustuþega og starfsmenn.
- ✓ Starfsmenn hafi greiðan aðgang að stjórnendum.
- ✓ Gefa út gildi Frostaskjól og innleiða í starfið.

Stjórnendur og starfsmenn leitast stöðugt við að efla starf og bæta árangur

- ✓ Nota kannanir til að efla starf og bæta árangur.

Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi

- ✓ Einelti er ekki liðið á starfsstöðum Frostaskjól.
- ✓ Ef starfsmenn eru ósáttir, þá sé skýrt í hvaða farveg fara á með mál til stjórnenda.

2. Eftirsóknarvert, vinsamlegt og hvetjandi starfsumhverfi

Samstarf á vinnustaðnum byggist á trausti, endurgjöf, virðingu og sveigjanleika

- ✓ Markvisst efla traust á starfsstöðum með góðum samráðsvettvangi.
- ✓ Samstarfsfundir milli frístundaheimila og félagsmiðstöðva.
- ✓ Mánaðarlegir stjórnendafundir.
- ✓ Starfsmanna –og fræðslufundir starfsstaða tvisvar í mánuði.
- ✓ Fimmtudagssúpa fyrir alla starfsmenn einu sinni í mánuði þar sem starfsmenn hafa vettvang til að ræða fagumhverfið.
- ✓ Þátttaka í Vesturbæjarfléttunni.
- ✓ Starfsdagar reglulega.
- ✓ Unnið eftir viðverustefnu borgarinnar til að draga úr fjarvistum starfsmanna.

Allir starfsmenn fara í starfsþróunarsamtal og það markvisst nýtt

- ✓ Starfsþróunarsamtöl fari fram á tímabilinu janúar til mars.
- ✓ Þörf og áhugi starfsmanna á fræðslu sé tekinn fyrir í viðtalinu.

Jafnræðis er gætt í launum og kjörum starfsmanna í sambærilegum stöfum

- ✓ Fylgja kjarasamningum og reglum Reykjavíkurborgar.

Jafnréttisáætlun

- ✓ Unnið eftir aðgerðarbundin jafnréttisáætlun. Áætlunin byggir á jafnréttislögum og á að styðja við innleiðingu jafnréttisvinnu í starfi Frostaskjól.

Ráðningaferli byggist á faglegum forsendum mannauðsstjórnunar

- ✓ Nota Vinnuumsóknarkerfið og hafa öll ráðningarferli gagnsæ.

Heilsueflandi og öruggt starfsumhverfi

- ✓ Veitingar á fundum séu hollar.
- ✓ Gott aðgengi að vatni.
- ✓ Starfsstaðir uppfylli vinnuverndarlög.
- ✓ Fylgja eftir öryggisáætlun Reykjavíkurborgar.
- ✓ Hvetja starfsmenn til að ganga til og frá vinnu.
- ✓ Koma í gang heilsusamlegum samverustundum fyrir starfsmenn Frostaskjól og vini og vandamenn fyrir utan vinnu, s.s. fjallgönguferðum, sundferðum o.fl.
- ✓ Starfsmenn geti fengið samgöngustyrki.

3. Hæft og áhugasamt starfsfólk með metnað til árangurs

Allir starfsmenn taki þátt í símenntun við hæfi

- ✓ Þann 24.september er móttaka fyrir alla nýja starfsmenn Frostaskjól, þar eru helstu markmið með starfinu kynnt og starfsmenn setja sér markmið fyrir veturinn.
- ✓ Starfsmenn eru hvattir til að sækja um styrki til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar til að sækja námskeið og þekkingu.
- ✓ Reglulega yfir veturinn eru í boði námskeið og fræðsla sem nýtist starfsmönnum í starfi.
- ✓ Fræðsluáætlun er unnin fyrir Frostaskjól.

Störf innan skóla- og frístundasviðs eru vel kynnt fyrir fólki sem er að velja sér náms- og starfsvettvang

- ✓ Frostaskjól tekur ár hvert á móti hópum nemenda frá Háskóla Íslands, Kvennaskólanum og Borgarholtsskóla.

4. Lærdómssamfélag sem byggir á þverfaglegu samstarfi

Markvisst samstarf og virkt þekkingarflæði er innan og á milli starfsstaða

- ✓ Frostaskjól tekur þá í hverfasamstarfinu „*Vesturbæjarfléttan*“. Sameiginlegur starfsdagur í Vesturbæ verður haldinn í mars 2016.
- ✓ Starfsmenn Frostaskjóls hittast reglulega til að skiptast á þekkingu og miðla reynslu sín á milli.
- ✓ Starfsmenn Frostaskjóls taka reglulega að sér að miðla þekkingu til annarra hverfa og á miðlægum fundum.

Auðlindir

1. Hagkvæm nýting fjármagns

Útgjöld allra stofnana séu innan fjárheimilda miðað við þá þjónustu sem veita á

- ✓ Frostaskjól skili fjárhagsárinu innan fjárhagsheimilda.
- ✓ Fjármálastjóri upplýsi forstöðumenn og deildarstjóra mánaðarlega um stöðu kostnaðarstaða á föstum fundum.
- ✓ Sjá til þess að fjárhagsgrammar séu gagnsærir og tilbúnir tímalega fyrir rekstrarárið.

Bæta fjárhagslegt eftirlit og ráðgjöf

- ✓ Fjármálastjóri yfirfari verklag um meðhöndlun lausafjár í félagsmiðstöðum ásamt deildarstjóra unglingastarf og forstöðumann Frosta. Taka þátt í að móta skýrt verklag.

Samræma úthlutunarreglur

- ✓ Samræma úthlutunarreglur milli frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

2. Skilvirk upplýsingatækni

Virk stefna í upplýsinga- og samskiptatækni

- ✓ Allir starfsstaðir Frostaskjóls séu með facebook síður þar sem upplýsingar um starfið eru aðgengilegar.
- ✓ Facebook síða Frostaskjóls sé virk og til eru reglur sem snúa að ritstjórn inn á hana.
- ✓ Allir starfsstaðir séu með góðan tölvubúnað og hafi aðgengi að snjallsíma.
- ✓ Skoða möguleika á að innleiða nýja tækni í skipulagsmálum. Lean- kerfið skoðað.

3. Góður aðbúnaður

Aðstaða, tæki og búnaður sem hæfa fjölbreyttu starfi

- ✓ Taka þátt í að búa til verkferil milli USK og SFS varðandi húsnæðismál.

- ✓ Vinna viðhaldsáætlun fyrir leiguhúsnæði og mannvirki þar sem Frostaskjól er með þjónustu og skilgreina verkferla er lúta að samvinnu sviða til þess að lágmarka kostnað við viðgerðir og vegna truflunar á starfsemi.
- ✓ Tryggja gott eftirlit á mannvirkjum Frostaskjóls og bregðast við viðhaldi þegar það á við. Gott samstarf við opinbera eftirlitsaðila s.s. brunaeftirlit, heilbrigðiseftirlit, vinnueftirlit mikilvægt.

Aukin samnýting á húsnæði og búnaði

- ✓ Allir starfsstaðir Frostaskjóls eru í húsnæði þar sem samnýting með öðrum á sér stað.
- ✓ Kortleggja í gegnum Vesturbæjarfléttuna aukna möguleika á samnýtingu húsnæðis og búnaðar.

Lykiltölur Frostaskjóls 2014

	Raun 2014
Starfsmannamál	
Fjöldi starfsmanna (meðaltal)	110
Fjöldi stöðugilda unglingastarf	6,2
Fjöldi starfsmanna í unglingastarfi	13
- Karlar	5
- Konur	8
Fjöldi stöðugilda í barnastarfi	31
Fjöldi starfsmanna í barnastarfi	93
- Karlar	37
- Konur	56
Fjöldi í stjórnendateymi	4
- Karlar	2
- Konur	2
Heildarfjöldi starfsmanna	110
- Karlar	44
- Konur	66
Heildarstöðugildi í fjárhagsáætlun	38,2
Heildarstöðugildi með atvinnuátökum	42
Menntun starfsmanna	
- Háskólagráða á uppeldissviði	14
- Háskólagráða	29
- Stúdentspróf	67
Atvinnuátök	
- Skólastarfsmenn ríkisáttak	6
- Ungliðar sumarátaksstörf	4
Aðsóknartölur	
Jólabasar	550
Fjölskylduskemmtun í október og febrúar	560
Kassabílarallý á Ingólfstorgi	650
KR- leikir og annað tengt KR	635
Útleiga/útlán	1783
Námskeið fyrir starfsmenn	1100
Hverfahátíðir	5000
Frístundaheimili 6-9 ára	
Fjöldi barna í frístundaheimilum Frostaskjóls 31. jan.	632
Fjöldi barna í frístundaheimilum Frostaskjóls 30. apríl	602
Fjöldi barna í frístundaheimilum Frostaskjóls 30. sept.	634
Fjöldi barna í frístundaheimilum Frostaskjóls 31. des.	627
Fjöldi stuðningsbarna í frístundaheimilum Frostaskjóls (samþykkt) vor 2013	27 börn (23 stöðugildi)

Fjöldi stuðningsbarna í frístundaheimilum Frostaskjól (samþykkt) haust 2013	22 börn (20 stöðugildi)
Fjöldi barna	
- Selið 31.janúar	181
- Selið 30.september	182
- Selið 30.desember	183
- Skýjaborgir 31.janúar	109
- Skýjaborgir 30.september	113
- Skýjaborgir 30.desember	114
- Undraland 31.janúar	93
- Undraland 30.september	92
- Undraland 30.desember	91
- Frostheimar 31.janúar	249
- Frostheimar 30.september	247
- Frostheimar 31. Desember.	239
Samtals skráningar í sumarstarf Frostaskjól	1513
- Stelpur	880
- Strákar	633
Félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára	
Heildarþátttaka yfir árið	4529
- Stelpur	2163
- Strákar	2366
- Þar af yfir sumarið	630
Félagsmiðstöðvar 13-16 ára	
Heimsóknir unglinga í félagsmiðstöðvar	16799
- Stelpur	6116
- Strákar	10683
Sumaropnun	1471
-stelpur	522
-strákar	949
Fjöldi ungs fólks sem tekur þátt í ungmennaráðum hverfanna (þar af í Reykjavíkurráði)	5
- Stelpur	4
- Strákar	1
Fjöldi unglinga í félagsmiðstöðvarhópum Frostaskjól og Vinnuskóla.	10
- Stelpur	6
- Strákar	4
Smíði,sköpun, útivist (SSÚ)	
Börn á smíðavöllum	70

